

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 122/259*  
*komudagur 25.11.197*

SKÚLAGÖTU 26,  
101 REYKJAVÍK,  
SÍMI 562 5000,  
TELEFAX 562 4666,  
PÓSTHÓLF 1096,  
121 REYKJAVÍK.

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.  
b.t. Allsherjarnefndar

Reykjavík 20. nóvember 1997.

## Umsögn Neytendasamtakanna við frumvarp til laga um lögmenn.

### I.

Í 3. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þriggja manna Lögmennaráð sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu Lögmennafélags Íslands, en hina skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar nefndinni formann og varaformann.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að neytendur eða fulltrúar almennings eigi fulltrúa í Lögmennaráði. Í Danmörku er staðan sú að í siðanefnd þeirri, sem gildir fyrir allt landið vegna starfa lögmanna skipar dómsmálaráðherra fulltrúa neytenda og almennings. eru þessir fulltrúar 6 af 18 nefndarmönnum. Í Svíþjóð og Finnlandi er 9 manna siðanefnd skipuð 2 utanaðkomandi mönnum hinir 7 eru lögmenn og í Noregi er siðanefndin skipuð 3 utanaðkomandi mönnum af alls 5 nefndarmönnum en hinir 2 eru lögmenn.

Það er skoðun Neytendasamtakanna, þegar höfð er í huga framkvæmdin á hinum Norðurlöndunum og að neytendur eiga mikil samskipti við lögmenn, að rétt sé og eðlilegt að neytendur eigi fulltrúa í Lögmennaráði. Að öðrum kosti verður ekki tryggt að sjónarmið neytenda komi fram í málsmeðferð Lögmennaráðs.

Neytendasamtökin fara því fram á að frumvarpinu verði breytt á þann hátt að tekið verði fram að fulltrúi neytenda eigi sæti í ráðinu og að Neytendasamtökin tilnefni þann fulltrúa.

### II.

Neytendasamtökin vilja gera almennar athugasemdir við þá fyrirætlun sem fram kemur í frumvarpinu um að lögmenn skuli í framtíðinni þurfa að sæta aga- og eftirlitsvaldi dómsmólaráðuneytisins. Benda þau á að traust manna á dómskerfinu geti beðið hnekki af því fyrirkomulagi og vísa Neytendasamtökin til þeirra raka sem fram koma í umsögn Lögmennafélags Íslands um þessi atriði.

### III.

Í 3. mgr. 24. gr. frumvarpsins segir:

„Lögmannafélag Íslands getur gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald, sem þeim er hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.”

Í greinargerð segir m.a um þetta ákvæði:

„Tekið skal fram að hér er ekki um að ræða gjaldskrá milli lögmanns og viðskiptamanns hans, heldur leiðbeiningar um hæfilegar bætur úr hendi þriðja manns, þ.e. skuldara, vegna kostnaðar sem viðsemjandi lögmanns hefur af þjónustu hans.”

Síðar segir m.a.:

„Óhjákvæmilegt er vegna neytendasjónarmiða að samræma þann kostnað sem á skuldara er felldur, auk þess sem þessi háttur um samræmingu á kostnaðarþátttöku skuldaranna er ekki samkeppnishamlandi.”

Það er skoðun Neytendasamtakanna að nauðsynlegt sé að Alþingi setji almenn lög um innheimtustarfsemi. Þegar Neytendasamtökin fengu til umsagnar hvort banna ætti Lögmannafélagi Íslands að gefa út leiðbeinandi verðskrá töldu þau að forsenda þess væri að sett yrði löggjöf um innheimtustarfsemi, þar sem væri ákvæði um hámrksinnheimtuþóknun.

Neytendasamtökin telja mjög gagnrýniverð að lög um innheimtustarfsemi hafi ekki enn verið sett. Því telja samtökin 24. gr. frumvarpsins lítið skref í þá átt að settar verði eðlilegar og sanngjarnar reglur um þann kostnað sem skuldari þarf að greiða vegna innheimtu peningakrafna. Neytendasamtökin telja hins vegar að æskilegt væri að skerpa ákvæðið nokkuð. Í fyrsta lagi er í ákvæðinu aðeins talað um heimild Lögmannafélagsins til að gefa út leiðbeiningar. En vegna neytendasjónarmiða væri nauðsynlegt að hér væri kveðið á um skyldu en ekki heimild fyrir Lögmannafélagið til að gefa út leiðbeiningar. Í öðru lagi væri æskilegt að tekið væri fram svo sem kostur er í ákvæðinu, við hvað þessar leiðbeiningar ættu að miðast og þannig að nokkru tekið á því hvað hugtakið „hæfilegar” bætur feli í sér. Mætti hugsa sér að miðað yrði við t.d. eins og vinnuframlag þess er innheimtir, eðlilegan rekstrarkostnað lögmannsstofu, breytilegt hlutfall kostnaðar miðað við upphæð kröfu sem gæti verið breytilegt eftir því hvað krafan er há, o.s.frv.

### IV.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um ágreining um störf lögmanna. Í 1. mgr. 26. gr. er kveðið á um að ef lögmann greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar eða þeir báðir lagt málið fyrir Lögmannaráð til úrskurðar.

Með hliðsjón af fyrrnefndri 3. mgr. 24. gr. frumvarpsins og þeim sjónarmiðum sem að baki henni standa og getið er í greinargerð, er að mati Neytendasamtakanna óeðlilegt að ekki sé skýrt tekið fram í frumvarpinu að skuldari geti lagt ágreining um hæfilegt endurgjald af innheimtu peningakröfu fyrir Lögmannaráð til úrskurðar. Vægi 3. mgr. 24 gr. verður lítið í framkvæmd og staða skuldara verður verri en hún er í dag ef hann getur ekki leitað úrskurðar Lögmannaráðs um slíkt hæfilegt endurgjald.

Í dag er staða skuldara sú að hann getur lagt slíkan ágreining fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands til úrskurðar.

Neytendasamtökin fara því fram á að inn í 1. mgr. 26. gr. verði bætt að skuldari getur leitað úrskurðar Lögmannaráðs um hæfilegt endurgjald vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu samkvæmt 3. mgr. 24. gr. frumvarpsins.


## V.

Neytendasamtökin fagna því að felt hefur verið út úr frumvarpinu skilyrði sem var í 5. tölulið 6. gr. eldra frumvarpsins, þar sem gert var að skilyrði að umsækjandi hefði starfað sem fulltrúi lögmanns í eitt ár eða gegnt um jafn langan tíma starfi hjá ríkinu sem lögfræðimenntun þyrfti til.

Til samræmis við niðurfellingu skilyrðis um starfsreynslu til að þreyta prófraun skv. 7. gr., er bent á að 2. mál. 3. mgr. 7. gr. er óþarfur og ætti því að fella hann einnig út, en í honum segir:

„Umsækjandi má þreyta prófraunina þótt hann fullnægi ekki skilyrðum um starfsreynslu til að öðlast réttindi héraðsdómslögmanns.”

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Hjalti Pálmarsson hdl.